

Akureyri, 15. janúar 2020

Tilvísun: 2001011 / 04

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Þingskjal xx.-xx. mál. Stjórnarfrumvarp.

Vísað er í frumvarp um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða sem er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Meginefni frumvarpsins felur í sér að setja á fót nýja stofnun og færa til hennar verkefni sem verið hafa á hendi þriggja stofnana, þ.e. verkefni Vatnajökulsþjóðgarðs, þjóðgarðsins á Þingvöllum og þess hluta Umhverfisstofnunar sem fer með málefni náttúruverndar. Markmið með stofnun Þjóðgarðastofnunar og þess stjórnfyrikomulags sem frumvarpið kveður á um er að varðveita þjóðargersemar í náttúru landsins með víðtækri sátt þeirra sem hagsmuni hafa af starfsemi á þessum svæðum, þar sem áhersla er lögð á jafnvægi verndar og nýtingar sem rúmast getur innan verndarsvæða, svo sem sjálfbærrar beitar, veiða, útivistar og ferðaþjónustu.

Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa telur jákvætt að umsjón með þjóðgörðum verði einfölduð og hún sameinuð undir eina stofnun. Ferðaþjónusta og aukinn ferðamannastraumur til landsins er ein helsta ástæða fyrir því að málefni þjóðgarða og náttúruverndarsvæða fá sérstaka athygli um þessar mundir. Fjöldi ferðamanna til landsins hefur stóraukist og verður aðgangur að einstakri náttúru landsins æ eftirsóknarverðari, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi þessu. Með Þjóðgarðastofnun er stefnt að því að hafa á einum stað stjórnun og rekstur þjóðgarða og náttúruverndarsvæða þar sem áhersla er lögð á samspil verndar og sjálfbærrar nýtingar, s.s. útivistar og ferðaþjónustu. Markmið með frumvarpi þessu eru einkum einföldun og skilvirkni þeirra eininga sem að stjórnun þjóðgarða og náttúruverndarsvæða koma; að styrkja þær einingar sem nú þegar eru til staðar; sameiginleg ásýnd og merkingar svæða; að öðlast á einum stað yfirsýn og skapa breiðan vettvang til heildstæðrar stefnumótunar; og að nýta samlegð í rekstri, þekkingu, aðföngum og framkvæmdum til að þess að nýta fjármuni með sem hagkvæmustum hætti.

Ferðamálastofa telur jákvætt að sameina eigi undir einn hatt verkefni sem í dag eru á höndum margra stofnana. Hins vegar lýsir Ferðamálastofa áhyggjum sínum yfir flóknu stjórnkerfi sem gert er ráð fyrir að Þjóðgarðastofnun starfi eftir og óttast að ákvarðanatata verði tafsöm. Gert er ráð fyrir mörgum umdæmisráðum og stjórnnum, bæði innan þjóðgarða og á landsvísu, sem eiga að hafa viðamikil hlutverk og er hætt við að ákvörðunarferli verði löng og flókin. Markmið með frumvarpi um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða er meðal annars að einfalda stjórnsýslu og sameina rekstur friðlýstra svæða undir einn hatt, en hætta er á að svo flókið stjórnkerfið vinni gegn markmiðinu. Ferðaþjónusta er langstærsta atvinnugreinin innan þjóðgarða og tryggja þarf að stjórnarfyrikomulag stuðli að skilvirkri ákvarðanatöku,

fyrirsjáanleika og farsælli sambúð ferðapjónustu og þjóðgarða. Hefur Ferðamálastofa áhyggjur af því að markmið um einföldun og skilvirkni náist ekki.

Ferðamálastofa telur jákvætt að markmið laganna sé að skapa breiðan vettvang til stefnumótunar fyrir þjóðgarða og náttúruverndarsvæði landsins. Íslensk ferðapjónusta byggir mjög á íslenskri náttúru og eru þjóðgarðar landsins eitt helsta aðráttaraflið. Til að tryggja samtal ferðapjónustu við þjóðgarða er nauðsynlegt að ferðapjónusta hafi aðkomu að stefnumótun og áætlanagerð í þjóðgörðum landsins og á náttúruverndarsvæðum.

Athugasemdir við einstaka greinar

12. gr. Umdæmisráð

Ferðamálastofa gerir athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða þar sem fjallað er um umdæmisráð og bendir á að erfitt kunni að vera fyrir ferðapjónustusamtök og Samtök ferðapjónustunnar að tilnefna sameiginlega fulltrúa í umdæmisráð. Ferðamálastofa ítrekar að ferðapjónustusamtök eru oft sjálfsprottin félagasamtök og eiga það til að vera misstarfsöm þar sem þau eru oft háð áhuga þeirra sem eru í forsvari þeirra hverju sinni. Slík samtök eiga sér ekki sameiginlegan vettvang svo erfitt er að sjá hvernig hægt verði að tilnefna fulltrúa sameiginlega svo sátt verði um og til hvers eigi að leita varðandi tilnefningar. Ferðamálastofa leggur til að ráðherra ferðamála tilnefni einn fulltrúa í hvert umdæmisráð, auk þess sem hagsmunasamtök atvinnugreinarinnar, s.s. Samtök ferðapjónustunnar, tilnefni einn fulltrúa í hvert ráð.

15. gr. Stjórn náttúruverndarsvæða

Ferðamálastofa telur mikilvægt að ferðapjónusta eigi fulltrúa í stjórn náttúruverndarsvæða og leggur til að ráðherra ferðamála tilnefni einn fulltrúa í stjórn, auk þess sem hagsmunasamtök atvinnugreinarinnar, s.s. Samtök ferðapjónustunnar, tilnefni einn fulltrúa í stjórn náttúruverndarsvæða.

16. gr. Stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðapjónustusamtökum á svæðinu skuli eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar. Ferðamálastofa gerir athugasemdir við þetta. Í fyrsta lagi bendir Ferðamálastofa á að ferðapjónusta er stærsta atvinnugrein sem starfar innan þjóðgarða og þjóðgarðar Íslands eru einn helsti viðkomustaður erlendra ferðamanna hér á landi. Því er mikilvægt að rödd ferðapjónustu heyrist og að ferðapjónusta eigi aðild að stjórn þjóðgarða landsins, sérstaklega þar sem hlutverk stjórnar er að móta stefnu í málefnum þjóðgarðsins og hafa yfirumsjón með gerð atvinnustefnu innan hans. Í öðru lagt er óljóst við hvað er átt með ferðapjónustusamtökum á svæðinu, hvort þar er átt við samtök fyrirtækja sem starfa innan þjóðgarðsins eða á Suðurlandi. Á Suðurlandi eru þrjú ferðamálasamtök; Ferðamálasamtök Suðurlands, en eina starfsemi þeirra er í gegnum Markaðsstofu Suðurlands; Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu, sem er nú starfandi eftir að hafa verið lítið virkt um tíma; og Ferðamálasamtök Vestmannaeyja. Ferðapjónar sem starfa innan þjóðgarðsins á Þingvöllum gera hins vegar flestir út frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem ferðamálasamtök eru ekki virk. Því leggur Ferðamálastofa til að í stað þess að fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðapjónustusamtökum á svæðinu skuli eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar, tilnefni ráðherra ferðamála einn fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum og að hagsmunasamtök atvinnugreinarinnar, s.s. Samtök ferðapjónustunnar, tilnefni einn fulltrúa í sömu stjórn.



18. gr. Stjórn Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Ferðamálastofa gerir athugasemdir við skipun stjórnar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og telur brýnt að ferðaþjónusta eigi sæti í stjórn Þjóðgarðsins. Leggur Ferðamálastofa til að í stað þess að fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðaþjónustusamtökum á svæðinu skuli eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar tilnefni ráðherra ferðamála einn fulltrúa í stjórn Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og að hagsmunasamtök atvinnugreinarinnar, s.s. Samtök ferðaþjónustunnar, tilnefni einn fulltrúa í sömu stjórn.


28. gr. Öryggi gesta

Ferðamálastofa leggur áherslu á öryggi ferðamanna og ítrekar tillögu sem kom fram í umsögn stofnunarinnar um frv. til laga um Þjóðgarðastofnun og Þjóðgarða dags 9. maí 2019, um að í stjórnunar- og verndaráætlunum verði gerð krafa um að Þjóðgarðarnir geri öryggisáætlun, hver fyrir sitt svæði eða a.m.k. hvaða kröfur séu gerðar til ferðaþjónustuaðila hvað öryggi gesta Þjóðgarðsins varðar. Áramótin 2018-2019 var lögð skylda á alla þá sem framkvæma skipulagðar ferðir á Íslandi að hafa öryggisáætlun sem felur í sér áhættumat, verklagsreglur, viðbragðsáætlun og atvikaskýrslu. Á þetta við framkvæmdaraðila ferða hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir. Það mun auðvelda ferðaþjónustuaðilum gerð öryggisáætlana fyrir sína starfsemi þar sem kröfur Þjóðgarðanna eru kunnar.

29. gr. Atvinnustefna og samningar við þjónustuaðila

Ferðamálastofa telur jákvætt að settur sé rammi um atvinnustarfsemi innan Þjóðgarða með samningum og úthlutunum á aðstöðu. Mikilvægt er að gæða-, öryggis- og umhverfismál séu til fyrirmyndar hjá þeim fyrirtækjum sem eru með leyfi fyrir að starfa innan Þjóðgarða. Ferðamálastofa ítrekar þá ábendingu sem sett var fram í umsögn stofnunarinnar um frv. til laga um Þjóðgarðastofnun og Þjóðgarða dags. 9. maí 2019, um að horft verði til Vakans, gæða- og umhverfiskerfis íslenskrar ferðaþjónustu þegar atvinnustefna fyrir Þjóðgarða er mótuð og leggur til að öllum fyrirtækjum sem starfa innan Þjóðgarðanna verði gert skylt að uppfylla gæða-, öryggis- og umhverfiskröfur Vakans til að tryggja að svo sé.

Virðingarfyllt,
f.h. Ferðamálastofu


Skarphéðinn Berg Steinarsson
ferðamálastjóri